

Nd.

679. Frumvarp til laga

um kola- og saltverzlun ríkisins.

Flm.: Gylfi Þ. Gíslason.

1. gr.

Frá 1. ágúst 1947 má enginn nema ríkisstjórnin flytja inn frá útlöndum nokkra tegund af steinkolum eða salti, að smjör-, fóður- og borðsalti þó frátöldu. Fyrirtækjum, sem stunda útgerð eða siglingar má þó heimila að flytja vörur þessar til landsins á eigin skipum og til eigin nota.

2. gr.

Nafn þeirrar verzlunar, sem ríkið stundar samkvæmt 1. gr., skal vera „Kola- og saltverzlun ríkisins“. Skal hún vera sjálfstæður fjárhagsaðili, en ríkissjóður bera ábyrgð á skuldbindingum hennar. Fé það, sem nauðsynlegt er til verzlunarrekstrarins, leggur ríkissjóður fram, og er ríkisstjórninni heimilt að taka það að láni. Heimilt er ríkisstjórninni og að taka eignarnámi eða leigunámi hverja þá fasteign eða hvert það tæki, sem nú er notað í landinu við slíkan verzlunarrekstur.

3. gr.

Verzlunin skal haga verðlagningu þeirrar vöru, er hún verzlur með, þannig, að hún fái greiddan allan kostnað, sem reksturinn hefur í för með sér, en ekki stefna að því að öðlast ágóða. Hún skal þó leggja í varasjóð ákveðinn hundraðshluta af vörusölu sinni, og skal upphæð hans ákveðin í reglugerð þeirri, sem setja skal samkvæmt 7. gr. Verði á einstöku ári hagnaður umfram það, sem leggja ber í varasjóð, skal honum varið til verðlækkunar á næsta ári. Verði hins vegar tap, skal það greitt úr varasjóði, ef til er, ella úr stofnsjóði, en haga skal þá verðlagningu næsta árs þannig, að tapið vinnist upp, og skal þá varasjóði eða stofnsjóði bættur hallinn. Nægi hagnaður einhvers árs ekki til þess að leggja tilskilið gjald í varasjóð, skal það greitt af hagnaði, er síðar verður, áður en honum er varið til verðlækkunar.

4. gr.

Um tollgreiðslu Kola- og saltverzlunar ríkisins af þeim vörum, er hún flytur inn, fer að almennum lögum um það efni. Hins vegar skal verzlunin undanþegin greiðslu skatta til ríkissjóðs.

5. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum allt að 250000 kr., nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum. Flytji aðrir aðilar í heimildarleysi inn vörur, sem Kola- og saltverzlun ríkisins skal verzla með samkvæmt lögum þessum, skulu þær upptækar í ríkissjóð.

6. gr.

Með brot samkvæmt 5. gr. skal fara að hætti opinberra mála.

7. gr.

Ríkisstjórnin skal með reglugerð setja nánari fyrirmæli um framkvæmd laga þessara og starfsemi Kola- og saltverzlunar ríkisins.

Greinargerð.

Undanfarið hefur verið mjög tilfinnanlegur skortur á kolum og salti í landinu. Hefur þetta valdið margháttuðum erfiðleikum og óþægindum. Ýmsir kaupstaðir og kaupsýningu utan Reykjavíkur hafa um skeið orðið algerlega kolalaus, og saltleysi hefur torveldað hagnýtingu afla í nokkrum verstöðvum. Virðist auðsætt, að gera þurfi það, sem unnt er, til þess að koma í veg fyrir, að slíkt geti átt sér stað.

Á síðast liðnu ári voru fluttar til landsins 95.5 þúsund smálestir af steinkolum, og var verðmæti þeirra 11.5 millj. kr., og 20.1 þúsund smálestir af venjulegu salti (fisksalti og kjötsalti), en verðmæti þess var 3.5 millj. kr. Vörur þessar, og þá sérstaklega kolin, munu á undanförunum árum hafa verið keyptar til landsins nær eingöngu fyrir meðalgöngu ríkisstjórnarinnar, þ. e. a. s. sem liður í viðskiptasamningum við önnur ríki, og mun mega telja fullvist, að þær fáist ekki á næstu árum á annan hátt. Þótt hið opinbera hafi þannig aflað kolanna, hefur það, svo sem kunnugt er, ekki annazt skipulagið á flutningum þeirra til landsins eða dreifingu þeirra innanlands, heldur hefur það verið í höndum einkaaðila.

Flutningarnir og dreifingin hefur ekki verið skipulögð eins vel og skyldi, enda varla við því að búast, þar eð ekki hefur verið um að ræða neina heildarstjórn þessara mála, og um hana getur ekki orðið að ræða, nema ríkisvaldið annist hana, þ. e. a. s. taki verzlun þessa í sínar hendur og skipuleggi flutningana og dreifinguna með hagsmuni þeirra fyrir augum, sem vörur þessar nota.

Menn hefur greint og greinir enn mjög á um, hversu heppilegt sé og æskilegt, að ríkisvaldið fáist við atvinnurekstur. þ. á m. innflutningsverzlun. Mjög hefur þó dregið úr andstöðunni gegn opinberum rekstri á hinum síðustu árum. Því heyrir nú sjaldan haldið fram, að það sé andstætt eðli ríkisins að fást við atvinnurekstur, og varhugavert að leggja því á herðar þá fjárhagsáhættu, sem slíku er samfara, enda hefur þróunin orðið sú, að afskipti ríkisvaldsins af atvinnulífinu hafa farið sívaxandi og það jafnframt orðið einn stærsti atvinnurekandi í landinu. Hins vegar er því oft haldið á lofti, að opinber fyrirtæki séu yfirleitt og hljóti að vera illa rekin. Þótt til hafi verið — og til séu enn — opinber fyrirtæki, sem hafa ekki verið rekin svo vel sem skyldi, sannar það auðvitað ekki, að öll opinber fyrirtæki hljóti að vera illa rekin, fremur en það, að einkafyrirtæki hafa orðið gjaldþrota, sannar, að öll einkafyrirtæki hljóti að verða gjaldþrota. Þau opinber fyrirtæki, sem hafa verið vel og sómsamlega rekin, eru vissulega miklu fleiri, og mun mega segja það um þau flest, þótt aðhald og eftirlit af hálfu ríkisvaldsins hafi oft og tíðum mátt vera meira og betra.

Það hefur að jafnaði kostað allveruleg átök að koma hér á fót opinberum fyrirtækjum, og hefur andstaðan fyrst og fremst verið af hálfu Sjálfstæðisflokksins.

Flest fyrirtæki, sem hið opinbera rekur nú, eru stofnuð gegn andstöðu hans, svo sem sildarverksmiðjurnar, einkasölnurnar með áfengi, tóbak, áburð og viðtæki o. s. frv. Nú heyrast þó aldrei tillögur um að leggja þessi opinberu fyrirtæki niður. Og andstæðingar opinbers rekstrar eru meira að segja í einstökum tilfellum farnir að viðurkenna kosti hans með því að samþykkja að stofna til hans. Í málefnasamningi núverandi ríkisstjórnar hefur þannig verið fallizt á þá kröfu Alþýðuflokksins, að komið verði á fót opinberri innkaupastofnun til þess að annast kaup á efni og tækjum til opinberra framkvæmda, bæjarstjórnarmeirihlutinn í Reykjavík hefur nú loks sinnt þeirri gömlu tillögu Alþýðuflokksins að stofna til bæjarútgerðar, og fleiri dæmi mætti nefna. Bendir þetta eindregið til þess, að kostir opinbers rekstrar hljóti nú smám saman aukna viðurkenningu og andstaðan gegn honum sé í rénum.

Á sumum sviðum kemur mætavel til greina að stofna til opinbers rekstrar við hlið einkarekstrar, en á öðrum sviðum er eðlilegast, að ríkið eitt annist reksturinn, og getur það jafnvel verið nauðsynlegt til þess að kostir rekstrarins fái notið sín til fulls. Á það sérstaklega við, þegar það hefur augljósan sparnað í för með sér, að reksturinn sé í sem stærstum stíl og sé allur á einni hendi, og enn fremur þegar sérstök nauðsyn er á heildarskipulagningunni í greininni. Þetta á við um innflutning kola og salts og verzlun með þessar vörur í landinu. Að því er augljós hagur að kaupa þær og flytja til landsins í sem stærstum stíl, og geymsla þeirra og dreifing um landið hlýtur að verða skipulegust, öruggust og hagkvæmust, ef hún lýtur einni stjórn. Verzlun með þessar vörur er einföld, og ætti því hið opinbera að geta tekið hana fyrirvaralítið í sínar hendur, og það því fremur, sem þess er gætt, að samningar um útvegum þeirra hafa undanfarið verið í höndum ríkisvaldsins og yrðu vafalaust hvort sem er enn um skeið.

Meginrókin fyrir því, að hið opinbera taki nú kola- og saltverzlunina í sínar hendur, eru því tvenns konar. Annars vegar er það nauðsynlegt, til þess að tryggja skipulega flutninga á þessum nauðsynjavörum til landsins, þannig að öruggt sé, að á þeim verði ekki skortur að nauðsynjalausu, og að skipuleggja dreifinguna um landið, þannig að séð verði vel fyrir þörfum landsbyggðarinnar, en á þessu hefur einmitt orðið verulegur misbrestur undanfarið. Í þessu sambandi má og geta þess, að athugandi væri, hvort ekki sé eðlilegt að taka upp einhvers konar verðjöfnun, sérstaklega á kolum, milli einstakra staða á landinu eða landshluta, þar eð mjög tilfinnanlegur verðmunur er og hefur hlotið að vera milli þeirra, einkum milli Reykjavíkur og annarra staða. En slíkt væri langauðveldast í framkvæmd, ef hið opinbera annaðist verzlunina alla. Hins vegar er svo einkasala á kolum og salti nauðsynleg til þess að reyna að afla þessara vörutegunda og flytja þær til landsins við sem hagkvæmustum kjörum, en til þess ætti hún að hafa betri aðstöðu en einkaaðilar þeir, sem nú annast innflutninginn, þar eð hann yrði allur á einni hendi. Og þeir, sem þessar nauðsynjavörur nota, fengju þær við sannvirði, þar eð verzlunina ætti ekki að reka í hagnaðarskyni.

Um einstök ákvæði frv. er ekki ástæða til þess að fjölyrða. Gert er ráð fyrir því, að verzlunin lúti fjármálaráðherra beint, eins og t. d. tóbaks- og áfengiseinkasalan gera nú, en ekki sé kosin fyrir hana sérstök stjórn. Verðlagningu skal verzlunin haga þannig, að hún selji vörur þær, sem hún verzlar með, við kostnaðarverði, en þó skal hún koma sér upp nokkrum varasjóði. Hún á m. ö. o. ekki að leitast við að öðlast ágóða. Tolla skal hún greiða samkvæmt almennum lögum um það efni og útsvar í sveitarsjóð, en vera undanþegin sköttum í ríkissjóð.

Þótt ríkinu sé áskilinn einkaréttur til innflutnings á þeim vörum, sem hér er um að ræða, þykir samt rétt, að heimila megi útgerðar- og siglingafyrirtækjum að flytja þær inn til eigin þarfa, ef þau geta notað eigin skip til þess og þeir flutningar eru hlutaðeigandi aðilum hagkvæmir.